



FJARÐABYGGÐ

Leikskólinn Lyngholt ræsting

Verðfyrirspurn

Október 2020

Lýsing verðfyrirspurnar og tilboðsblað

Efnisyfirlit:

Lýsing verðfyrirspurnar

Verklýsing og framkvæmd ræstingar í Leikskólanum Lyngholt

Húsbúnaður í Leikskólanum Lyngholt

Tilboðsblað

Fylgigögn verðfyrirspurnar:

Verklýsing sundurliðuð á einstaka verkþætti, 1 blað/skjal

Málsettar teikningar af húsnæði og vinnustöðvum, 1 blað/skjal

Lýsing verðfyrirspurnar

1. Almenn lýsing verðfyrirspurnar

Fjarðabyggð kt. 470698-2099 óskar eftir tilboðum í ræstingu í Leikskólanum Lyngholti, Heiðarvegi 5 Reyðarfirði. Nánar tiltekið allan leikskólann skv. lýsingu. Tilboð innifelur vinnulið ræstingar ásamt öllum eignum og tækjum sem þarf við ræstingu. Ræsting er boðin út til 3ja ár frá 1. janúar 2021 að telja með framlengingarrétti. Gerður verður sérstakur samningur um ræstinguna sem kveður á um skuldbindingar aðila samnings.

Verðfyrirspurnargögn eru einungis afhent rafrænt. Tilboðum skal skila á tilboðsblaði með rafrænum hætti og skal það fyllt út eins og texti og form þess segir til um. Verðfyrirspurnin er auglýst á vef sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboð sem er eða hafna öllum. Ekki eru sett skilyrði fyrir því hverjir bjóða megi í verkið.

Boð skulu gerð á grundvelli fyrirspurnargagna eins og þau liggja fyrir. Tilboðsfjárhæð skal miðuð við ársgrunn með virðisaukaskatti og verður grunnforsenda samnings út samningstíma.

Fjarðabyggð áskilur sé rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.

2. Upplýsingar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á fyrirspurnargögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann senda Fjarðabyggð skriflega fyrirspurn eigi síðar en 6 almanaxsdögum áður en tilboðsfrestur rennur út. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnum sem borist hafa innan tilskilins frests verður svarað eigi síðar en 4 almanaxsdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

3. Gerð og frágangur tilboðs.

Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsgögnum (sjá tilboðsblað). Einnig skal skila öllum fylgigögnum með tilboði á rafrænu formi.

Undirrituð tilboð skulu send rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu Leikskólans Lyngholts“ á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is með Cc. Á Þórodd Helgason á póstfangið thoroddur@fjardabyggd.is

Tilboð skulu hafa borist eigi síðar en kl. 13 á hádegi þann 3. nóvember 2020. Opnun tilboða fer fram kl. 13.00 sama dag. Bjóðandi er ábyrgur fyrir því að tilboð komist í réttar hendur fyrir opnun þeirra.

Tilboð sem berast síðar verða ekki opnuð og teljast ógild.

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

4. Kröfur um upplýsingar og fjárhagslega stöðu

Um skilyrði varðandi aðstæður bjóðenda og hæfi er vísað til innkaupareglna Fjarðabyggðar m.a. er gerð krafa um að bjóðandi uppfylli eftirtalin skilyrði:

- Að tilboðsgjafi hafi a.m.k. 3ja ára reynslu af ræstingastörfum eða umsjón með sambærilegum verkefnum.
- Að tilboðsgjafi sýni fram á jákvæða eiginfjárstöðu
- Að tilboðsgjafi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða iðgjöld vegna starfsmanna
- Að tilboðsgjafi sæti ekki nauðasamningum, greiðslustöðvunum eða sé undir gjaldþrotaskiptum
- Að tilboðsgjafi haf ekki verið sakfeldur með endanlegum dómi um refsivert brot.

Verklýsing og framkvæmd ræstingar í Leikskólanum Lyngholti

Lýsing á herbergjaskipan og fermetramáli einstakra rýma kemur fram á sérteikningu sem fylgir fyrirspurnargögnum ásamt verklýsingu. Lýsing á húsbúnaði er hér að neðan.

Lýsing á húsnæði

Elsti hluti húsnæðis leikskólans Lyngholts var byggður 2004 – 2005. Byggt var við húsnæðið 1983 og árið 2020 var lokið við aðra viðbyggingu og endurbætur á eldra húsnæði skólans. Samtals er húsnæði leikskólans 940,5 fermetrar að innanmáli, sjá nánar meðfylgjandi teikningu.

Almennt um ræstinguna

Húsnæði leikskólans er almennt tilbúið til ræstingar kl: 16:30 á virkum dögum.

Leikskólastjóri getur ákveðið að þrif hefjist síðar þegar nauðsyn krefur.

Lýsing á framkvæmd ræstingar er í sérstakri verksundurliðun.

Lýsing á herbergjaskipan og stærð einstakra rýma af húsnæði skólans er að finna í sérstakri teikningu af leikskólanum.

Tilgreina skal ábyrgðarmann fyrir ræstingu og skilgreina úttektir á ræstingu í samningi.

Tilgreina þarf starfsmenn þá sem sinna ræstingu hverju sinni til leikskólastjóra.

Starfsmenn þurfa að undirrita trúnaðareið áður en þeir mega ræsta í nafni verksala.

Stórhreingerning í sumarlokun

Í sumarlokun leikskólans skal allt húsnæði skólans þrifið hátt og lágt að innan, þar með talið allar viftur, niðurföll, skilrúm, húsgögn, tæki og ljós.

Húsbúnaður í Leikskólanum Lyngholti

B Hluti Norðurhluti skólans

Útigeymsla gengið inn í að norðanverður: rafmagnstafla, loftræstisamstæða inntak á vatni og fl. steypt og málað gólf.

Forstofa: þurrskápar, gluggi, gluggakistur, hilla, flísar, motta, ljósarofi, skógrindur, útihurð og innihurð.

Fataklefi:, gluggar, ljósarofar, ljós og hurðir, flísar. Í anddyrum deildanna eru þar að auki, fatahengi/hólf og tússtöflur.

Furuholt, deild- og hvíldarherbergi (2 rými): motta, skápur/hillur, hurð, ljós og ljósrofi, stólar, bókaskápur, hillur, innbyggðir skápar, tússtafla, matarborð, gluggar, ruslafata, myndir og mottur. Dúkur á gólfum, sími

Snyrting á deild: 2 salerni, 2 handlaug, vaskur, hurð, ljósrofi, ljós, ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skilrúm milli salerna, spegill og hillur, rennihurð. Epoxi á gólfum.

Listaholt: gluggar, gluggakistur, hurð, hillur, borð, stólar, vaskur, blöndunartæki, spegill, ljós og ljósarofi. Dúkur á gólfum, opin pappírsgeymsla með hillum og dúk á gólfi

Geymsla: hillur, vaskur,

Bókasafn: ljósarofar, gluggar, gluggakista, teppi á gólfi, bókahillur á veggjum sem og innbyggðar.

Starfsmannasnyrting: handlaug, salerni, spegill, ruslafötur, ljósrofi, hilla fyrir ofan wc. Sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, rennihurð, flísar á gólfi.

Gangur: ljósarofar, ljós, hurðir. Dúkur á gólfum, motta

Birkiholt, deild- og hvíldarherbergi (2 rými): skápur/hillur, hurð, ljós og ljósrofi, stólar, bókaskápur, innbyggðir skápar, tússtafla, matarborð, gluggar, ruslafata, myndir og mottur. Dúkur á gólfum. gluggakistur

Snyrting á deildum (2rými): 2 salerni, 2 handlaugar, hurð, ljósrofi, ljós ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, spegill og hillur, skilrúm milli salerna og rennihurð. Epoxí á gólfum.

Tengibygging/fataklefar: bekkir, gluggar, ljósarofar, ljós og hurðir, mottur og flísar á gólfi. Fatahólf, tússtöflur, útihurðar. mottur

Fataklefistarfsmanna/þurrkskápar: þurrkskápar, flísar, ljósarofi og innihurð. Snagar fyrir starfsmenn

A hluti miðbygging skólans

Gangur: ljósarofar, ljós, inni- og útihurðir, bókaskápur, gluggar, snagar á veggjum , mottur, Dúkur á gólfum

Sérkennsla: tölvuborð, tölvur, borð, stólar, hillur, læstur skápur, dúkur á gólfum, gluggar og gluggakista. Ljósrofi, ruslafata, hurð, ljós

Vinnuherbergi sérk.: tölvuborð, borð, hillur, læstir skápar, tölvur, stólar, gluggar, gluggakista, ljósrofi, ljós, hurðir og ruslafata. Dúkur á gólfi

Reyniholt, deild- og hvíldarherbergi (3 rými): motta, skápur/hillur, hurð, ljós og ljósrofi, stólar, bókaskápur, hillur, tússtafla, matarborð, gluggar, ruslafata, myndir og mottur. Dúkur á gólfum, sími, útihurð

Snyrting á deild: 2 snyrtingar, 2 handlaugar, skilrúm milli salerna, hurðar, hillur, ruslafata

Eldhús: ísskápar, frystiskápur, vaskar, uppþvottavél, spegill, ruslafata, gluggi, gluggakista, háfur, loftræstistokkar í lofti, eldhúsinnrétting, ljósrofi, ljós, ofnar, eldavél, hjólavagnar og innihurðir. Epoxí á gólfi

Búr: útihurð, hillur, ísskápur, frystikista, innrétting og motta. rennihurð

Þvottur: vaskur og vaskaborð, þvottavél, þurrkari, hillur, gluggi, gluggakista, hurðir, ljós og ljósrofi.

Asparholt, deild og hvíldarherbergi (2 rými): motta, skápur/hillur, hurð, ljós og ljósrofi, stólar, bókaskápur, hillur, innbyggðir skápar, tússtafla, matarborð, gluggar, ruslafata, spegill, myndir og klifurgrind.

Snyrting á deildum (2rými): 2 salerni, 1 handlaugar í innréttingu, vaskur, hurð, ljósrofi, ljós ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skiptiborð, spegill og hillur og rennihurð. Epoxí á gólfum.

Fataklefar inná deildum: hillur, ljósrofi, skóhillur, tússtafla og fatahólf, rennihurð og hurðar með gleri. Dúkur á gólfi.

Starfsmannasalerni: salerni, 1 handlaug, ruslafata, spegill, hillur, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljós og ljósrofi. skiptiborð

Inntaksrými: hillur, gluggi, málað gólf

Greniholt, deild og hvíldarherbergi (2 rými): motta, skápur/hillur, hurð, ljós og ljósrofi, stólar, bókaskápur, hillur, innbyggðir skápar, tússtafla, matarborð, gluggar, ruslafata, spegill, myndir og klifurkastali. Dúkur á gólfi

Snyrting á deildum (2rými): 2 salerni, 1 handlaugar í innréttingu, vaskur, hurð, ljósrofi, ljós ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skiptiborð, spegill og hillur og rennihurð. Epoxí á gólfum.

Fataklefar inná deildum: hillur, ljósrofi, skóhillur, tússtafla og fatahólf, rennihurð og hurðar með gleri. Dúkur á gólfum

Anddyri: þurrkskápar x4, starfsmannaskápar x2, fatasnagar og skóhillur, mottur, flísar á gólfi,

Snyrting í anddyri A hluta: salerni, vaskur, hillur, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljós, ljósrofi, spegill, ruslafata og hurð. Flísar á gólfi

Útigeymsla gengið inn í hjá starfsmannainngangi: rafmagnstafla, loftræstisamstæða inntak á vatni og fl. steipt og málað gólf.

C- hluti suðurendi skólans

Ræstiklefi: hillur, vaskur, ræstivagn

Einholt, deild og hvíldarherbergi (2 rými): motta, skápur/hillur, hurð, ljós og ljósrofi, stólar, bókaskápur, hillur, innbyggðir skápar, tússtafla, matarborð, gluggar, ruslafata, spegill, myndir og klifurkastali. Dúkur á gólfi

Snyrting á deildum (2rými): 2 salerni, 1 handlaugar í innréttingu, vaskur, hurð, ljósrofi, ljós ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, skiptiborð, spegill og hillur og rennihurð. Epoxí á gólfum.

Fataklefar inná deildum: hillur, ljósrofi, skóhillur, tússtafla og fatahólf, rennihurð og hurðar með gleri. Dúkur á gólfum

Anddyri: þurrkskápar x2, fatasnagar og skóhillur, mottur, flísar á gólfi, innihurð og útihurð.

Kaffistofa: innrétting, kaffivél, vatnsvél, klakavél, ísskápur, dúkur á gólfi, flokkunar tunnur, tússtafla,

Setustofa starfsmanna: sófi, borð, stólar, sófaborð, gluggi, gluggakista, útihurð með glugga, hillur, myndarammar, ljósarofar.

Fundaherbergi: fundaborð, stólar, sjónvarp, gluggi, glerhurð og glerveggur.

Undirbúningur: skápar með opnum hillum og læstum hurðum, glerhurð og veggir, skrifborð, stólar, tölvur, borð, gluggi, gluggakista, ljósrofi, ljós, ruslafata. Dúkur á gólfum

Prentararými: innrétting, prentari, ljósrofi, ljós, tússtafla og ruslafata. Dúkur á gólfum, skurðarhnífur, plöstunavél, rennihurð.

Skrifstofa stjórnenda: skrifborð, talva, læstir skápar, hillur, borð, stólar, gluggi, gluggakista, innihurð með gleri, tússtöflur. sími

Skrifstofa stjórnenda: skrifbort, talva, læstir skápar, hillur, borð, stólar, gluggi, gluggakista, innihurð með gleri, tússtöflur, sími, myndir.

Gangur: ljósarofi, brunakerfi, stimpilklukka, inni og útihurðar, dúkur og flísar á gólfum

Starfsmannasalerni x2: 2 salerni, 2 handlaugar, sturta, flísar á gólfi og veggjum(að hluta), rennihurðir, hillur fyrir ofan wc. Speglar, box fyrir handþurrkur og wc pappír, glerveggur við sturtu.

Fataherbergi starfsmanna: læstir starfsmannaskápar, fatahengi, bekkur, gluggi, gluggakista, hurð, ljósarofi,

Útigeymsla(gengið inn að sunnanverðu): hillur, innbyggt borð, málað gólf, gluggi

Tilboðsblað í ræstingu í Leikskólann Lyngholt Reyðarfirði

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í ræstingu í Leikskólanum Lyngholt, Heiðarvegi 5 á Reyðarfirði til Fjarðabyggðar kt. 470698-2099. Undirritað tilboð skal sent rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu Leikskólans Lyngholts“ á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is með cc. á Þórodd Helgason á póstfangið thoroddur@fjardabyggd.is. Tilboði skal skilað fyrir kl. 13:00, 3. nóvember 2020.

Tilboðsgjafi _____ kt. _____

Tilboðsfjárhæðir:

1. Ræsting leikskólans á ári (mv. 11 mánuði) _____ kr. með VSK
2. Stórhreingerning í sumarlokun (árlega) _____ kr. með VSK

Verðbreytingar á samningstíma: _____

Athugasemdir

Staður og dagsetning _____

Undirskrift tilboðsgjafa